

Lagabreytingartillaga 1

II. kafli Aðild að félaginu og úrsögn

3. gr. Aðild

Aðild að SÍ geta þeir einungis fengið sem hafa leyfi Landlæknis til þess að kalla sig sálfræðinga og aðrir sálfræðimenntaðir sem tilgreindir eru í lögum þessum. ~~Nýir félagsmenn skulu kynntir á félagsfundi eða á heimasíðu félagsins.~~ (Tekið út)

Félagsmenn SÍ skulu fara að lögum félagsins, reglum og siðareglum svo og ákvörðunum aðalfunda.

Verður því:

II. kafli Aðild að félaginu og úrsögn

3. gr. Aðild

Aðild að SÍ geta þeir einungis fengið sem hafa leyfi Landlæknis til þess að kalla sig sálfræðinga og aðrir sálfræðimenntaðir sem tilgreindir eru í lögum þessum.

Félagsmenn SÍ skulu fara að lögum félagsins, reglum og siðareglum svo og ákvörðunum aðalfunda.

Rökstuðningur: Ný persónuverndarlög segja að upplýsingar um stéttarfélagsaðild eru viðkvæmar persónuupplýsingar og ætti því ekki að setja á heimasíðu félags.

Lagabreytingartillaga 2

5. gr. Úrsögn ~~og brottvikning~~ (taka út)

Úrsögn úr SÍ skal tilkynna stjórn félagsins skriflega og telst hlutaðeigandi genginn úr félaginu þremur mánuðum eftir að úrsögn berst, enda sé hann skuldlaus við félagið og mál honum viðkomandi ekki til umfjöllunar hjá siðanefnd SÍ.

~~Stjórn félagsins getur með skriflegri tilkynningu vikið félagsmanni úr SÍ hafi hann brotið alvarlega siðareglur sálfræðinga.~~ (taka út)

Verður því:

5. gr. Úrsögn

Úrsögn úr SÍ skal tilkynna stjórn félagsins skriflega og telst hlutaðeigandi genginn úr félaginu þremur mánuðum eftir að úrsögn berst, enda sé hann skuldlaus við félagið og mál honum viðkomandi ekki til umfjöllunar hjá siðanefnd SÍ.

Rökstuðningur:

Sálfræðingafélag Íslands er félag sálfræðinga og á meðan sálfræðingur heldur löggildingu eigi þeir kost á að vera í félaginu. Ef sálfræðingur hefur gerst sekur um alvarleg brot á siðareglum þá tekur Landlæknir það fyrir og metur hvort viðkomandi missi Starfsleyfi sitt. Það er ekki hlutverk siðanefndar, né sálfræðingafélags að meta alvarleika brots heldur frekar að leiðbeina og hjálpa sálfræðingum að vinna betur eftir siðareglum.

Lagabreytingartillaga 3

12.5. Siðanefnd

Í félaginu skal starfa fimm manna siðanefnd, kosin á aðalfundi. Aðalfundur kýs formann sérstaklega. Kjörtímabil nefndarmanna er fjögur ár. Nefndarmenn skulu ekki gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Nefndin starfar eftir siðareglum norrænna sálfræðinga og gildandi verklagsreglum.

Hlutverk siðanefndar er:

1. Að vera félagsmönnum til ráðgjafar og leiðbeiningar um siðamál.
2. Að taka við og fjalla um kvartanir um meint brot félagsmanna á siðareglum.
3. Að úrskurða um réttmæti kvörtunar með hliðsjón af lögum og siðareglum félagsins.
4. Vinna að tillögugerð að endurskoðun á siðareglunum, m.a. með því að safna dæmum um siðferðileg álitamál sem upp koma í starfi sálfræðinga.
5. Að vera stjórn til ráðgjafar um brottvikningu skv. 5. grein. (taka út)

Nefndin skal gefa félagsmanni færi á að skýra og verja mál sitt. Úrskurður er gildur, standi meirihluti siðanefndar að honum. Nefndarmenn eru fjárhagslega skaðlausir af störfum nefndarinnar, þ.m.t. vegna útgjalda við dómsmál.

Verður því:

12.5. Siðanefnd

Í félaginu skal starfa fimm manna siðanefnd, kosin á aðalfundi. Aðalfundur kýs formann sérstaklega. Kjörtímabil nefndarmanna er fjögur ár. Nefndarmenn skulu ekki gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Nefndin starfar eftir siðareglum norrænna sálfræðinga og gildandi verklagsreglum.

Hlutverk siðanefndar er:

1. Að vera félagsmönnum til ráðgjafar og leiðbeiningar um siðamál.
2. Að taka við og fjalla um kvartanir um meint brot félagsmanna á siðareglum.
3. Að úrskurða um réttmæti kvörtunar með hliðsjón af lögum og siðareglum félagsins.
4. Vinna að tillögugerð að endurskoðun á siðareglunum, m.a. með því að safna dæmum um siðferðileg álitamál sem upp koma í starfi sálfræðinga.

Nefndin skal gefa félagsmanni færi á að skýra og verja mál sitt. Úrskurður er gildur, standi meirihluti siðanefndar að honum. Nefndarmenn eru fjárhagslega skaðlausir af störfum nefndarinnar, þ.m.t. vegna útgjalda við dómsmál.

Rökstuðningur: Sömu rök og við lagabreytingatillögu 2.